

Ísland, farsælda frón

Icelandic folk song

Ís - land, far - sæl - da frón og hag - sæl - da hrím - hví - ta mó - ðir,
hvar er þín for - nal - dar frægð, frel - sið og mann - dá - ðin best?

Ísland, farsælda frón og hagsælda hrímhvíta móðir,
hvar er þín fornaldar frægð, frelsið og manndáðin best?
Allt er í heiminum hverfult, og stund þíns fegursta frama
lýsir sem leiftur um nótt langt fram á horfinni öld.

Landið var fagurt og frítt og fannhvítir jöklanna tindar,
himinninn heiður og blár, hafið var skínandi bjart.
Þá komu fedurnir frægu og frjálsræðis hetjurnar góðu
austan um hyldýpis haf hingað í sælunnar reit.

Reistu sér byggðir og bú í blómguðu dalanna skauti,
ukust að íþrótt og frægð, undu svo glaðir við sitt.
Hátt á eldhrauni upp, þar sem enn þá Öxará rennur
ofan í Almennagjá, alþingið fedranna stóð.

Þar stóð hann Þorgeir á þingi, er við trúnni var tekið af lýði.
Þar komu Gissur og Geir, Gunnar og Héðinn og Njáll.
Þá riðu hetjur um héruð, og skrautbúin skip fyrir landi
flutu með frídasta lið, færandi varninginn heim.

Það er svo bágt að standa í stað, og mönnunum munar
annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið.
Hvað er þá orðið okkar starf í sex hundruð sumur?
Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?

Landið er fagurt og frítt og fannhvítir jöklanna tindar,
himinninn heiður og blár, hafið er skínandi bjart.
En á eldhrauni upp, þar sem enn þá Öxará rennur
ofan í Almennagjá, alþing er horfið á braut.

Nú er hún Snorrabúð stekkur og lyngið á Lögbergi helga
blánar af berjum hvert ár, börnum og hröfnum að leik.
Ó, þér unglunga fjöld og Íslands fullorðnu synir,
svona er fedranna frægð fallin í gleymsku og dá.